

Jafnréttisáætlun

2017-2018





Jafnréttisáætlun Leikskólinn Kirkjurgerði 2017-2018

Jafnréttisáætlun leikskólans Kirkjurgerðis er unnin í samræmi við ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr.10/2008 og jafnréttisáætlun Vestmannaeyjabæjar.

Jafnréttisstefnan nær annars vegar til kynjajafnréttis meðal starfsfólks og hins vegar meðal nemenda.

Markmiðið er að stuðla að jafnrétti í leikskólanum jafnt í barnahópnum, foreldrasamstarfi og starfsmannahópnum

Í skólanámsskrá leikskólans sem var gefin út árið 2013 og endurskoðuð haustið 2016 segir um lýðræði og jafnrétti í leikskólastarfi:

Í leikskólanum leggjum við áherslu á að eiga virkt og uppbyggjandi samstarf við grenndarsamfélagið. Lögð er áhersla á gildi og starfshætti sem renna stoðum undir lýðræðislegt samfélag. Starfsfólk, foreldrar og börn leggja sitt af mörkum sem samstarfsaðilar í leikskólanum.

Í öllu starfi leggjum við áherslu á að börnin séu hluti af hóp og samfélagi þar sem réttlæti og virðing einkenna samskipti. Við lítum á börnin sem virka borgara og þátttakendur þar sem hver og einn fær tækifæri til að leggja sitt af mörkum til að hafa áhrif á umhverfi sitt. Skoðanir barna eru virtar og í daglegu starfi gefum við þeim tækifæri til að taka þátt í ákvörðunum þegar það á við s.s. um verkefni, leikefni og vinnubrögð. Börnin fá tækifæri til að skiptast á skoðunum, finna lausnir og miðla málum. Við leggjum áherslu á umhyggju, tillitsemi og sam hjálp meðal allra í leikskólanum og reynum að nýta tækifæri sem gefast til að fjalla um samkennd og hluttekningu í annarra garð. Við virðum rétt allra óháð kynferði, bakgrunni, aðstæðum eða getu. Allt er þetta liður að því að gera börnin að nýtum þjóðfélagsþegnum sem virða lýðræði og jafnrétti í þjóðfélaginu.



Starfsfólk:

Í skólum þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn ber að setja sér aðgerðabundna jafnréttisáætlun. Skal þar m.a. kveðið á um markmið og aðgerðir um hvernig starfsfólki eru tryggð réttindi sem kveðið er á um í 19.-22. gr. jafnréttislaga.

19.gr. Launajafnrétti.

- Konum og körlum er starfa hjá sama atvinnurekanda skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

20.gr. Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun.

- Starf sem laust er til umsóknar skal standa opið jafnt konum og körlum.
- Tryggja skal að konur og karlar njóti sömu möguleika til endurmenntunar og símenntunar.

21.gr. Samræming fjölskyldu-og atvinnulífs.

- Atvinnurekendur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera konum og körlum kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu.

22.gr. Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni.

- Skólastjórnendur skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk verði fyrir kynbundu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað.
- Ef yfirmaður er kærður vegna ætlaðs kynbundins ofbeldis, ætlaðrar kynbundinnar áreitni eða ætlaðrar kynferðislegrar áreitni skal næsti yfirmaður taka ákvarðanir um starfsskilyrði kæranda á meðan málið er til meðferðar.



Í aðalnámsskrá leikskóla frá 2011. Kafli 2.1.4 bls 19-20 um jafnrétti segir:

„Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. Í skólastarfi skulu allir taka virkan þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis. Jafnréttis-menntun felur í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu og stofnunum þess í því augnamiði að kenna börnum og ungmennum að greina þær aðstæður sem leiða til mismunar sumra og forréttinda annarra“

Skólinn leggur metnað sinn í að uppfylla aðalnámsskrá leikskóla ásamt 22. og 23. gr. jafnréttislaga en greinarnar snúa að nemendum.

Í 22. gr. jafnréttislaga, kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni, segir:

- Skólastjórnendur skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að nemendur verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni í skólanum.

Í 23. gr. jafnréttislaga, menntun og skólastarf. segir:

- Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skóla-og uppeldisstarfi.
- Á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. skal lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu og atvinnulífi.
- Kennslu og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað.



Leiðir okkar að lýðræði og jafnrétti eru að:

- Stuðla að því að drengir og stúlkur hafi sama rétt, fái sama viðmót og njóti sömu virðingar, hvatningar og örvunar í öllu því starfi sem fram fer á leikskólanum.
- Leikefni skal vera jafnt fyrir drengi og stúlkur og stuðlað að því að allir taki þátt í öllum leikjum óháð kyni. Það er ekki til neitt sem heitir „strákadót eða stelpudót“. Það er heldur ekki til neitt sem heita „strákalitir eða stelpulitir“
- Stuðla að því að börnin upplifi það að eðlilegt sé að bæði kynin vinni hin ýmsu störf í samfélaginu og innan veggja heimilisins.
- Stuðla að því að lesa texta og bækur sem ýta ekki undir staðalímyndir eða kynjamismun.
- Stuðla að því að hafa sem jafnasta kynjaskiptingu á deildum.
- Stuðla að jákvæðum samskiptum kynjanna, vináttu og samleik.
- Hvetja jafnt feður sem mæður að taka þátt í starfi leikskólans.
- Upplýsa bæði feður og mæður um starfsemi leikskólans, hvort sem þau eru í sambúð eða ekki.
- Stuðla að því að karlar jafnt sem konur sækji um störf á leikskólanum.
- Stuðla að því að jafnt feður sem mæður taki sér veikindafrí vegna barna sinna.
- Stuðla að umræðum um jafnréttismál.

Endurmat jafnréttisstefnu:

- Jafnréttisáætlunin gildir frá haustönn 2017
- Jafnréttisáætlunin er metin og endurskoðuð á hverju hausti.
- Jafnréttisáætlunin skal vera aðgengileg á vinnustað



Gátlisti-Okkar mat

Dæmi um mikilvæga þætti sem hafa ber í huga við mat og endurskoðun

	N=nemendur/F=Foreldrar/K=Kennarar	1	2	3	4	5	6
	Tryggjum við jafnrétti kynjanna í skólasamfélaginu þ.e. barna, starfsmanna og foreldra?						
N	Tryggjum við að námsefni, leikefni og efniviður mismuni ekki kynjunum?						
N	Stuðlum við að vináttu og samleik drengja og stúlkna?						
N	Brjótum við upp hefðbundnar staðalmyndir kynjanna?						
N	Undirbúum við bæði kynin til jafnar þátttöku í samfélaginu, atvinnu og fjölskyldulífi?						
N	Eru gerðar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að nemendur verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni í leikskólanum?						
F	Hvetjum við báða foreldra/forráðamenn til þátttöku í leikskólasterfinu?						
F	Upplýsum við báða foreldra/forráðamenn?						
F	Stuðlum við að góðu samstarfi við báða foreldra/forráðamenn?						
K	Eru karlar hvattir til að sækja um starf á leikskólanum?						
K	Eru sömu laun fyrir sömu vinnu óháð kyni?						
K	Ganga karlar og konur í sömu störf?						
K	Er stuðlað að því að jafnt feður sem mæður séu heima með veikt barn?						
K	Fá umræður um jafnréttismál góðan hljómgrunn?						
K	Er tekið á einelti, kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni ef slíkt kemur upp?						



Aðgerðabundin jafnréttisáætlun.

Þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn skal vera til aðgerðaáætlun þar sem fram kemur hvernig starfsfólki er tryggð þau réttindi sem kveðið er á um í 19-22 gr. jafnréttislaga.

Launajafnrétti 19.grein.

Markmið Hvað ?	Aðgerð Hvernig?	Ábyrgð Hver?	Tímarammi Hvenær?
Konur og karlar fá sömu laun og njóti sömu kjara fyrir sömu og jafnverðmæt störf	Fylgst með við ráðningu að laun séu jöfn óháð kyni	Skólastjóri	Ávallt

Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun 20.grein

Markmið Hvað?	Aðgerð Hvernig?	Ábyrgð Hver?	Tímarammi Hvenær?
Laus störf standi bæði körlum og konum til boða	Vísa í jafnréttisáætlun skólans og jafnréttisstefnu sveitarfélagsins þegar auglýst er eftir starfsfólki	Skólastjóri	Ávallt
Jafna kynjahlutfallið í starfsmannahópnum	Hvetja karla sérstaklega til að sækja um lausar stöður við leikskólann	Skólastjóri	Ávallt
Konur og karlar sem vinna sambærileg störf hafi jafnan aðgang að starfsþjálfun og endurmenntun	Starfsfólk hvatt til af skólastjóra og veitt tækifæri til endurmenntunar ár hvert, óháð kyni	Skólastjóri	Ávallt



Samræming fjölskyldu-og atvinnulífs 21.grein

Markmið Hvað?	Aðgerð Hvernig?	Ábyrgð Hver?	Tímarammi Hvenær?
Starfsfólki sé auðveldað að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu	Starfsfólki er veitt leyfi til að sinna s.s. samtölum og heimsóknnum í skóla barna sinna auk þess að sinna ábyrgð er varðar veikindi, tannlækna og annarra sérfræðinga. Starfsfólk er hvatt til að deila ábyrgð með maka sínum ef við á.	Skólastjóri og deildarstjóri starfsmanna veita leyfi Starfsmenn skrá samvisskusamlega í vinnustund alla fjarveru með skýringu.	Ávallt

Kynbundin og kynferðisleg áreitni 22.grein

Markmið Hvar?	Aðgerð Hvernig?	Ábyrgð Hver?	Tímarammi Hvenær?
Koma í veg fyrir að starfsfólk verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni á vinnustaðnum	Kynna handbók um einelti og kynferðislega áreitni sem til er í skólanum	Skólastjóri	Á hverju hausti og þegar nýr starfsmaður er ráðinn til skólans



Aðgerðabundin jafnréttisáætlun

Skólum ber auk þess að uppfylla 23.gr. jafnréttislaga (menntun og skólastarf) og 22.gr. sömu laga (kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni).

23.gr. jafnréttislaga/ menntun og skólastarf

Markmið Hvað?	Aðgerð Hvernig?	Ábyrgð Hver?	Tímarammi Hvenær?
Nemendur fá fræðslu um jafnréttismál (unnið samkvæmt skólanámsskrá skólans).	Jafnréttismenntun og mannréttindi eru samofin öllu skólastarfi bæði því formlega og óformlega.	Skólastjóri Allt starfsfólk.	Í öllu starfi, alla daga.
Að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu og atvinnulífi.	Fræðsla um hin mismunandi störf sem unnin eru í landinu. Fræða börnin um að það eru ekki nein karla eða kvennastörf heldur að allir geta unnið þau störf sem þau hafa áhuga á.	Allt starfsfólk.	Í allri námsefnagerð.
Að kennslu og námsgögn mismuni ekki kynjunum.	Námsgögn og efniviður sem til er í skólanum er útbúið eða keypt með mannréttindi og jafnrétti í huga.	Skólastjóri og deildastjórar.	Ávallt.
Komið er eins fram við alla nemendur óháð kyni, líkamlegri og andlegri getu, kynferðis og/eða annarra félagslega þátta.	Allt starfsfólk skólans er meðvitað um að tala eins við alla nemendur s.s. nota hrós, sömu orðræðu og viðurlög við óæskilegri hegðun barna.	Allt starfsfólk.	Í öllu starfi með börnunum.

**Samstarf heimilis og skóla:**

Markmið Hvar?	Aðgerð Hvernig?	Ábyrgð Hver?	Tímarammi Hvenær?
Að feður og mæður taki jafnan þátt í skólastarfinu. Starfsfólk skólans útiloki ekki annað foreldrið á grundvelli kyns, þjóðerni eða trúar.	Hvetja foreldra, óháð kyni, til þátttöku í foreldrasamtölum og foreldrafundum. Gæta þess að báðir foreldrar séu á póstlista skólans og Facebooksíðu deildar og báðir foreldrar fái upplýsingar um gengi barna. Hvetja foreldra af báðum kynjum til samstarfs í ráðum og nefndum. Þjóða foreldrum sem ekki tala íslensku túlkþjónustu. Leitast er við að þýða sem flestar upplýsingar.	Allir starfsmenn. Skólastjóri og deildastjórar. Skólastjóri og deildastjórar. Skólastjóri og deildastjórar.	Þegar við á. Við upphaf skólagöngu barns. Á foreldrafundum að hausti. Túlkþjónusta á ávallt að vera í boði.

Á Kirkjugerði er lögð áhersla á jafnrétti einstaklinga með mannréttindi og margbreytileika að leiðarljósi.

Að hausti kynnir skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri jafnréttisáætlun fyrir starfsfólki. Deildastjórar fara síðan yfir áætlunina með starfsfólki sínu, ásamt því að fara yfir gátlistana og skoða hvað vel var gert og hvað betur mætti fara s.l. ár.

Unnið af :

Lóu Baldvinsdóttur Andersen

Deildastjóra á leikskólanum Kirkjugerði.